



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/174
komudagur 8. 11. 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málsnr: 201011-0037
Dags: 8. nóvember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur), 108. mál, lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir vegna ofangreinds frumvarps varðandi það að fyrningarfrestur krafna verði tvö ár frá lokum gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt verklagsreglum Tollstjóra um innheimtu skatta gildir það meginsjónarmið að innheimtumaður ríkissjóðs krefst almennt ekki gjaldþrotaskipta á búum einstaklinga. Við það er látið sitja að gera árangurslaust fjárnám fyrir kröfum innheimtumanna, þá er fyrning kröfu almennt ekki rofin nema einu sinni með árangurslausu fjárnámi.

Eftir að árangurslaust fjárnám hefur verið gert hjá einstaklingum er almennt ekki aðhafst frekar að frumkvæði innheimtumanna til að rjúfa fyrningu krafna.

Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa afgerandi áhrif á innheimtu skattkrafna.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri